

Nd.

651. Nefndarálit

[27. mál]

um frv. til l. um Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur margrætt þetta frv. á fundum sínum, en ekki hefur náðst samkomulag um afgreiðslu þess.

Öllum nefndarmönnum ber saman um, að nauðsyn beri til, að helzt ein stofnun vinni að tæknimálum sjávarútvegsins, en það hefur verið þyrnir í augum meiri hluta nefndarinnar, hversu margir aðilar fást þegar við sömu eða skyld verkefni, og einnig, að hvergi í frv. er að finna ákvæði þess efnis, að hinar ýmsu stofnanir komi til með að leggja niður þá starfsemi, sem að áliti nefndarmanna ættu helzt að vinna í einni stofnun.

Nefndin telur ekki nægilegt að greina milli verkefna nefndra stofnana með reglugerð, þar sem fyrir eru lög um téðar stofnanir, sem stæðu áfram þrátt fyrir reglugerðarákvæði. Þess vegna leggur nefndin til, að þetta frumvarp og þau lög, er varða tæknimál sjávarútvegsins, verði endurskoðuð og breytt með það fyrir augum að koma í veg fyrir, að margir aðilar starfi að sömu verkefnunum. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir næsta þing og fyrir það lagt frumvarp til laga um slíka stofnun fyrir sjávarútveginn, sem kæmu í veg fyrir tví- eða margverknað í þessum málum.

Í trausti þess, að farið verði að ofannefndri tillögu, leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. apríl 1973.

Garðar Sigurðsson,
form., frsm.

Jón Skaftason.

Guðl. Gíslason.

Björn Pálsson.

Pétur Sigurðsson.

Karvel Pálmason.